

Um steinhús tengdafeðra

Fræðandi skemmtirit fyrir áhugamenn




Tekið saman af Jóni Hálfðanarsyni, eðlisfræðingi



Reykjavík 2012

Fyrirmyndin



Myndina hér að ofan tók Eiríkur Þorbergsson ljósmyndari á Húsavík um 1900.

Til vinstri er Jakob Hálfðanarson (05.02.1836 -30.01.1919), til hægri er Pétur Ólafur Gíslason (12.07.1831 – 19.09.1917) og í miðið situr Pétur Jónsson (18.04.1818 – 05.10.1906). Myndin gæti heitið Tengdafaður því börn þeirra Jakobs og Péturs Ólafs voru gift: Aðalbjörg Jakobsdóttir og Gísli Pétursson og Jón Ármann Jakobsson og Valgerður Pétursdóttir. Og Pétur Jónsson var tengdafaðir Jakobs.

En það er fleira sem sameinar þessa öldnu höfðingja. Og hvað er það? Þeir létu allir reisa steinhús! Og voru manna fyrstir á Íslandi til þess. Segir nú frá því.

Pétur Ólafur Gíslason



(Vatnslitamynd: Péturshús við Vesturgötu 52 í Reykjavík til hægri)

Í minningargrein í *Þjóðólfi* 1917 stendur:

”Pétur Gíslason, fyrrum útvegsbóndi í Ánanaustum, andaðist 19. þ.m. á heimili Gísla héraðslæknis, sonar síns á Eyrarbakka, 86 ára gamall. Pétur sál. var fyrrum einn af sæmdarborgurum Reykjavíkurbæjar. Hann byrjaði ungur formennsku og stundaði atvinnu sína með frábærum dugnaði; fór svo mikið orð af honum víða um land, að fjöldi manns sendi sonu sína til hans til að læra sjómennsku, og hafa margir þeir er lærðu hjá honum, síðar orðið afburða formenn og sjósóknarar. Þótt Pétur heitinn ynni sitt aðalstarf meðan lágt verð var á öllu, gekk honum afkoman vel og þótti í fremstu röð útvegsbænda þar syðra.

Pétur var í bæjarstjórn meðan Reykjavíkurbær var á mesta bernskuskeiði og studdi með miklum áhuga það sem honum virtist mega til framfara horfa. Þannig var hann einn af frumkvöðlum þess að Reykjavíkurbær reisti sér barnaskóla úr steini og ekknasjóð stofnuðu menn bæði í Reykjavík og á Húsavík fyrir forgöngu hans. Mun það mál hafa verið eitt hans mesta baráttumál.

Pétur sál. var hinn vandaðasti maður til orða og verka. Fjöрмаður var hann til hins síðasta og mundi gjörla það sem á dagana hafði drifið. Virtist hann halda sínum andlegu kröftum óskertum fram í andlátið, en hrumur var hann orðinn að líkamsburðum, enda var hann alblindur hin síðustu árin. Eftir að hann brá búi dvaldi hann á heimili Gísla læknis, sonar síns, fyrst á Húsavík og síðan á Eyrarbakka.

Pétur sál. var tvíkvæntur, átti fyrst Vigdísí Ásmundsdóttur frá Stekkjarkoti á Kjalarnesi. Lifa tvær dætur þeirra af því hjónabandi. Síðar átti hann Valgerði Ólafsdóttur, Sigurðssonar frá Ægissíðu, systur Ólafs heitins í Lækjarkoti. Misti hann hana 1890. Börn þeirra eru: Gísli héraðslæknir, Vigdís, kona Einars Finnssonar vegfræðings, og Valgerður í Vesturheimi. Einn son missti hann uppkominn, Sigurð verkfræðing, mesta efnismann.” (Ath: Í upptalninguna vantar tvö börn, Ólaf og Hólmfríði.)

Ánanaust eru núna löngu horfin. Bæirnir stóðu nær þeim stað þar sem nú er Héðinshúsið. Ánanaustvörin þar fyrir neðan hvarf þegar hafnargarðurinn var hlaðinn upp á Granda út í Örfirisey eftir 1913. Allt landslag þar um kring er nú gjörbreytt vegna uppfyllinga.

En um 1860 reisti Pétur sér steinbæ efst í Ánanaustatúni lengra og hærra frá sjónum en Ánanaustbæirnir voru. Það fékk húsnúmerið 52 við Vesturgötu þegar sú gata var lögð. Seinna var það kallað Kristofershús. Húsið vék þegar Steini svarti og Guðlaugur Þorláksson byggðu blokkirnar tvær sem nú prýða staðinn.



(Mynd: Ólafur K. Magnússon. Vesturgata upp úr 1950. (Upplýsingar frá Guðmundi Ingólfs-syni.) Lengst til hægri sést örlítil rönd af skúrnum við Götuhús, þá kemur Hansbærinn og fyrir framan karlarnir úr Héðni, Slippnum og fleiri fyrirtækjum í nágrenninu á leið í mat til Stínu. Þá kemur Kristofershús (Péturshús) með verzlun í viðbyggingu vestan megin, þar sem Runólfur Ívarsson (Rúnki) verslaði, þá Karitasarhús með mjólkurbúð og loks steipt hús hálfbræðranna Sigurðar Ólafssonar (barnabarns Péturs) og Ásgeirs Magnússonar. Á miðhæðinni í því húsi með gluggana á rúnnaða horninu átti Jón Hálfðanarson heima á framhaldsskólaárum sínum. Milli Hansbæjar og Kristofershúss grillir í byggingu Héðins sem var lægri en nú. Þar fyrir neðan var Ánanaustavörin.)

Í bókinni *Hver er maðurinn II* (Brynleifur Tobiasson, 1944) er sagt að Pétur Gíslason hafi fyrstur manna reist sér íbúðarhús úr steini. Það hafi verið í smíðum 1874 og Kristján 9. konungur hafi skoðað það þá í heimsókn sinni til landsins. Þessi frásögn getur varla verið rétt því eins og fyrr er nefnt er Péturshús sennileg reist um 1860. Í bókinni *Fortíð Reykjavíkur* (Árni Óla, 1950) stendur að húsið sé byggt 1859. Þá er Pétur 28 ára gamall og hefur verið kvæntur í 3 ár.

Úr *Sögu Reykjavíkur* (Klemens Jónsson, 1929) eru eftirfarandi upplýsingar fengnar:

Vesturgata hét upprunalega Hlíðarhúsastígur, og var oft ófær í bleytum, en eftir að Jón Thorsteinsen landlæknir byggði „Doktorshúsið“ (þar sem nú er Ránargata 13) var gatan kölluð Læknisgata fram undir 1880. Árið 1860 voru tvö hús reist við Læknisgötu (nú Vesturgata 15 og 18) og var þá stefna hennar ákveðin vestur að Hlíðarhúsum og verður hún þá eiginlega fyrst gata. Á árunum eftir 1860 var talsverð hreyfing komin í þá átt að byggja hús vestan Hlíðarhúsa. Það var því nauðsynlegt að ákveða stefnu götunnar áfram ásamt hliðargötum. Það var gert 1866, og voru ákvæði byggingarnefndar um hana á þá leið, að Hlíðarhúsavegur-

inn ætti að lengjast vestur eftir í beinni línu og að stefna hans verði hagkvæmust frá Hlíðarhúsum í átt á milli húsa Péturs Gíslasonar í Ánanaustum og Jakobs Steingrímssonar í Seli.

Það er því ljóst að Péturshús var risið fyrir 1866 en ef til vill hefur það verið lengi í byggingu. Konungssagan bendir hinsvegar til að húsið hefur verið talið konungi samboðið! Konungsheimsóknin 30. júlí til 11. ágúst 1874 er rakin dag frá degi í blöðunum *Víkverja* og *Þjóðólfi*. Þar er hvergi sagt frá því að Kristján 9. konungur hafi gengið lengst vestur í bæ til að skoða hús. Konungur gekk hinsvegar með fylgdarliði frá Lærða skólanum (Menntaskólanum í Reykjavík) suður í Öskjuhlíð á útisamkomu honum til heiðurs. Þar hafði verið rudd slétta mikil, tjöld tvö sett og sölubirgi tvö, og ræðustóll, en stengur í kring með dönskum flöggum á. En það var norðangola á þannig að (samkvæmt *Víkverja*): “Veðrið var þurt en heldur hvast og var vindurinn heldur tilfinnanlegur á inu háa holti þar sem fundurinn stóð. Þar við bættist, að mikið moldryk hófst frá inu hreinsaða svæði og eigi stóð á löngu áður en allir höfðu á fötum sínum sýnilegan vott um að holtið, er eins og kunnugt er heitir Öskjuhlíð, mætti með fult eins miklum rétti bera nafnið “Öskuhlíð”. Menn undu þessu illa og tündust burtu, og þegar ræðurnar voru úti, urðu þeir sem eirðu við inn fagra söng söngflokksins og hljóðfærablasturinn smámsaman færri og færri; en hátíðin hófst að ný, er konungi þóknaðist hér um bil kl. 7 að ganga með sveit sinni til samkomustaðarins. Nú var einnig farið að kyrra og það var ið mesta gaman að horfa út yfir nesin, sjóinn og Reykjavíkurhöfn, þar er öll skipin lágu þrúðbúin, sem mest mátti verða með flöggum. Konungi var þegar fagnað með miklu fagnaðarópi og með skotum.”

Í heimsókninni færði Kristján 9. Íslendingum nýja stjórnarskrá. Styttu af honum (verk Einars Jónssonar, myndhöggvara) stendur fyrir framan Stjórnarráðshúsið. Sumir halda að hún sé af Óla blaðasala en það er konungurinn sem réttir fram stjórnarskrána.



(Mynd DV. Stjórnarráðshúsið, steinhús sem var tilbúið veturinn 1770-71. Það var reist sem tugthús, það fyrsta á landinu, og kallað Múrin. Verkamenn og handlangarar voru tugthúslimir sem var veitt sakaruppgjöf að verki loknu. Ef til vill væri þetta til eftirbreytni uppi á Hólmsheiði núna. Þjóðin yrði ánægð að sjá útrásarvíkinga taka til hendinni og efla íslenskt handverk! Fólki mun fyrst hafa verið “stungið í steininn” eftir að Hegningarhúsið við Skólavörðustíg var tekið í notkun 1874 en það er hlaðið úr íslensku hraungrýti. (Hegningarhúsinu

er þannig lýst í *Eimreiðinni* frá 1900: "Þá er stór og mikilfeng steinbygging, og ekki úr höggnum steini, heldur hlaðin upp eins og af jötnum og grjótinu klest í kalkið, minnir það á hina kyklópisku múra og byggingar á Grikklandi;....það er dimt og ískyggilegt útlits;..."

Í *Þjóðólfi* frá 17.5.1877 er eftirfarandi grein:

"Byggingarframfarir

Í Reykjavík eru sýnilegar ár frá ári, og mundu svo fremur, væri árferði betra. Í bæjarráðinu er óneitanlega töluverð «drift», stræti, brunnar, vegir og bæjarlýsing með strætaloðum er óðum að komast í hið laglegasta horf, og þótt þetta auki mjög svo gjöld bæjarbúa, þá er hvorttveggja, að slíkar framkvæmdir til framfara og menntunar bænum eru óumflýjanlegar, enda dregur töluvert úr þyngslum bæjarins sú ráðstöfun, sem meir og meir er að komast á, að þeir af bæjarmönnum eru notaðir til fastrar vinnu fyrir bæinn, sem ella mundu verða miklu þyngri ómagar hans. Nú geta allir verkfærir fátæklingar eða miður reglusamir menn fengið vinnu og full laun, hvenær sem þeir þurfa eða vilja, og er þannig séð um - eins og sjálfsagt er - að þeir einir fái fátækra styrk, sem sannir þurfamenn eru. Ættu sveitanefndir hvarvetna að breyta að dæmi Reykvíkinga í þeirri stjórnsemisviðleitni. Síðan herra E. Egilsson réðst í kalknámið í Esjunni og þeir konsúll Smith komu upp kalkbrennslunni, hafa menn þegar tekið að skilja hve ómetanlegur hagur - auk fegurðarinnar - er að byggja *steinhús*, og stöku menn teknir að gjöra það. Sá fyrsti hér í miðjum bænum, sem komið hefir upp steinhúsi, er Eyþór Felixson verzlunarmaður (fyrrum póstur). Hús það er 13 álna langt og 14 álna breitt með 12 álna háum veggjum, og er nú eitt hið laglegasta, en langsterkasta hús bæjarins. En sá, sem fyrstur byggði hér íveruhús úr höggnum íslenzku grjóti, ætlum vér sé bóndinn Pétur Gíslason á Ánanaustum; sá þriðji sem á samskonar hús í smíðum er Jóhannes Zöega. Hús úr steini eru hér öllu ódýrari en timburhús, ef með hagsýni er byggt, og ætti það atriði eitt að vera nægilegt til þess að fá menn til að hætta við annað veggjasmíði en úr voru eigin *ágæta*, *þjóðlega grjóti*, sem helzt til lengi hefir legið eins og ónýtur «steinn í götu». Ýmsir fleiri eru farnir að byggja meira og minna úr þessu ótæmanlega og óslítanlega efni, enda skortir nú ekki hið bezta kalk, og það á staðnum. Engir hinna ríkari bæjarbúa hafa þó enn látið til sín taka í þessu, heldur er það eptirtektavert, að þeir sem byrjað hafa, eru allir fremur félitlir menn, en þeir eru skynsamir, og vita vel hvað þeir gjöra. Þó er flestra hugur vakinn í því, að vanda betur og fegra allt húsasmíði, en áður var, enda er hér enginn skortur á góðum smíðum með töluverðum menntunarsmekk. Að kaupmenn vorir hafi hingað til of litla rækt lagt við land vort, einkum *stærri byggingar* hefir stundum verið tekið fram, þó eru flest verzlunarmannahús verzlunarmanna hér ámælislaus að öðru en því, að þeim er flestum eins og tjaldað til næsta dags og hróflað upp úr timbri, en búðir þeirra braggast ár frá ári. Vér nefndum í fyrra hina nýju búð Thomsens, en nú er búð konsúls Smiths líka orðin bæjarprýði; henni er skipt í tvennt, og er verzlun með skrautvarning í öðrum partinum; réðu þeir Helgi Helgason sniðkari og Jón O. V. Jónsson, fóstursonur og faktor Smiths, formi og smíði þessarar einkar snotru búðar, sem fullkomlega hæfir hinni velkynntu, laglegu verzlun Smiths konsúls."

Kalkbrennslan sem sagt er frá í greininni hér að ofan fór fram í tveimur ofnum. Fyrst var reistur tilraunaofn hjá Rauðará 1873 en 1876 var reistur varanlegri ofn hjá Arnarhólslæk (vatn þarf við kalkvinnslu). Þess vegna heitir Kalkofnsvegur þar. Þessi ofn var á móta að stærð og gamli söluturninn á Lækjartorgi. Kalksteinninn var unnin í Esju í landi Mógilsár og fluttur á bátum til Reykjavíkur.

Í *Víkverja*, tölublaði sem er dagsett 28.08.1873, má finna eftirfarandi grein:

"KALK Í ESJUNNI.

Það er flestum kunnugt, að kalk fanst fyrir nokkrum árum í Esjunni. Það var í felli einu fyrir ofan Mógilsá, að menn þóttust sjá kalkberg koma fram í mól þeirri, er á er öllu fellinu.

Landlæknirinn, dr. Jón Hjaltalín, lét höggva nokkur brot af berginu, og senda þau fræðimönnum erlendis til rannsóknar, og kom þá fram, að 90 hundruðustu partar af steininum voru hreint kalk; svo reyndist og í fyrra, þá er nokkrir steinar voru fengnir inum útlensku vinnumönnum, er unnu að þinghúsgjörðinni fyrir austan Reykjavík, að ágætt kalk fékst af þessum steinum, þá er þeir voru brendir.

Nú hefur herra kaupmaður Egill Egilsson (Sveinbjarnarson) hér í Reykjavík gjört gangskör að því, að kanna þessa kalknámu nákvæmar og nota hana. Kalkbergið er, svo sem vér áður sögðum, í sérstöku litlu felli sunnan til í Esjunni. Hingað til hefir eigi komið mikið fram af því, en líkur eru til, að bergið nái langt inn í fellið, og merki hafa jafnvel sést til þess, að það nái í gegn um það. Sé það svo, munu margar miljónir tunna af kalki vera fólgnar í fellinu.

Herra Egill Egilsson hefir fyrir hálfum mánuði látið brjóta einar 50 tonn af kalki úr berginu, og flutt þær ofan að sjó, en svo þungt var grjótið, að það voru klyfjar á 200 hesta. Þar voru 30 tonn af grjótinu látnar í skip, er herra E. á, og eru þær nú fluttar fram að Rauðará; þar ætlar herra E. að láta gjöra kalkofn og brenna grjótið. Reynist það þá eins gott, og sagt er, mun verða stofnað hlutafélag til þess að vinna námuna enn betur.

Vér óskum herra Egli kaupmanni allrar hamingju til verks þess, er hann hefir gerst förgöngumaður fyrir, og vér efum eigi, að ið mesta gagn geti hlotist að því, ef kalkbergið að eins að nokkru leyti svarar þeim vonum, er kunnugir menn hafa gert sér um það. Næst vegaleysinu getum vér talið vonda húsa gjörð einn inn mesta hnekki á öllum framförum vorum, en fari svo, að vér getum fengið kalk í hús vor á nokkurn veginn vægan hátt, er tvent áunnið; vér þyrftum þá eigi að skemma hagagöngur vorar með torfristum, og fengjum þá langtum hlýari og stæðilegri, og fyrir því og með tímanum, ódýrari hús, en vér höfum hér til haft.”



(Teikning Halldór Pétursson 1940. Tekin úr grein eftir Georg Ólafsson í Lesbók Morgunblaðsins 1940. Húsið nr. 23 við Hafnarstræti (Hið ísl. steinolíufjælag). Til hægri á myndinni er kalkofninn, sem í var brennt kalk úr Esju, og fremst er lækurinn úr Tjörninni, sem rennur í rennu. Og í bakgrunni er Esja!)

Pétur Jónsson

Um Pétur Jónsson segir í *Íslendingabók*:

Fæddur í Vogum í Mývatnssveit 18. apríl 1818

Látinn í Reykjahlíð 5. október 1906

Bóndi í Reykjahlíð í Mývatnssveit 1841-85, síðan húsmaður þar og ráðsmaður en stóð aftur fyrir búi þar frá 1893 og fram um 1900. Var fenginn til yfirsetu sængurkvenna þó ólærður væri. Byggði kirkju í Reykjahlíð fyrir eigin reikning og stóð fyrir ýmsum öðrum framkvæmdum. Hreppstjóri.

Í *Norðra* 12.10.1906 birtist eftirfarandi

“Dánarfregn.

Pétur Jónsson í Reykjahlíð andaðist 5. þ. mánaðar. Hann var hátt á níráðisaldri, fæddur 18. apríl 1818, og þannig 10 dögum yngri en Kristján konungur IX. Pétur var einn af hinum nafnkunnu Reykjahlíðarbræðrum, og lifir nú að eins einn þeirra, Benidikt. Hann var allan aldur sinn í Reykjahlíð. Kona hans var Guðfinna Jónsdóttir frá Grænavatni og er hún dain fyrir nokkrum árum. Áttu þau saman mörg börn og lifa 10 þeirra enn.

Pétur var mjög vel farið að flestu leyti. Hann var hinn höfðinglegasti sýnum og afburðamaður að afli og atgerfi, eru af því margar sögur, þótt ekki verði þær skráðar hér. Hann var fyrirmyndar og forgöngumaður í húsagerð, jarðrækt og verzlunarsamtökum. Trúmaður var hann hinn mesti í venjulegum skilningi þess orðs, og hann hafði auk þess óbifanlega trú á Íslandi og framförum þess, en hataði alt vol og víl, var þó hinn hjartabezti við alla bágstadda og mjög nærfærinn við sjúka; enda var hans fyrrum, meðan lækna voru nær engir, oft vitjað til sjúkra.

Hann fylgdi til síðustu stundar öllum framförum með brennandi áhuga, og gladdist sem ungur væri af þeim framfaramerkjum, sem hafa lýst sér hjá oss í ýmsu á síðustu árum. Þegar símtalið byrjaði í Reykjahlíð núna í sumar, þá varð honum að orði »Gaman er nú að lifa« - Hann var sjúkur aðeins 3 daga fyrir andlát sitt.”



(Mynd úr *Sjálfisævisögu* Jakobs Hálfðanarsonar. Reykjahlíðarkirkja)

Niðjar Jakobs Hálfðanarsonar kostuðu *Sjálfisævisögu* hans til útgáfu 1982. Í henni segir Jakob um framkvæmdir við Reykjahlíðarkirkju:

“

Um mörg ár hafði staðið yfir meiningastríð í Mývatnssveit um Reykjahlíðarkirkju. Hafði framsveitarstjórn ákaflega sótt á að leggja hana niður til styrktar sinni kirkju að Skútustöðum, en Pétur tengdafaðir minn í Reykjahlíð hélt mjög fast fram því áformi að byggja hana upp af nýju á sínum forna, einkennilega stað, það sem náttúrana hafði, að forsjónarinnar ráði, varið hana hinu eyðileggjandi hraunflóði 1727. Flestir sóknarbúar voru einnig á sama máli, en fjárþröng Péturs og kirkjunnar hafði verið því til fyrirstöðu, að enn væri komin framkvæmd á það, og mundi seint eða eins líklega aldrei hafa orðið, ef ég hefði ekki komið hér til sögunnar og í fylgi með honum. Var þá hið sama vor og ég kom að Grímsstöðum aftur byrjað að rífa kirkjuna. En þó mér fyndist ég nokkuð leggja í sölurnar fyrir þetta málefni, hefi ég af því mestan kulda liðið, sem vonlegt var, þar sem jafn stórráður var á móti og Jón Gauti, og varð að láta af sinni ætlan, og ekki hreinni og drenglundaðri maður en Pétur til forstöðu, þó vel hafi verið í mörgu. Þannig var samt þessi kirkja byggð að mestu á 2 árum.

.....

Eins og vikið er á, þóttist ég eigi eiga svo lítinn þátt í framkvæmdum við byggingu á steinkirkjunni í Reykjahlíð, er byrjuð var vorið 1874. Einn eða fleiri menn réðust til byggingarvinnu fyrir mín orð og ábyrgð; og talsvert varð ég að leggja út til lána í bráð. Aðdrættir komu og mjög á mig. – Getur mér síst úr minni liðið ein ferð, er ég sumarið 1875 fór til Húsavíkur með Pétri – tengdafaður mínum. Höfðum við 10 hesta undir enum allra verstu klyfjum. Og þá er við lögðum upp, var Pétur svo frá sér af víni, að hann var tæplega sjálbjarga. Hefi ég komið þar í einna krappast að hafa verk mitt fram, að koma þeirri lest einkum fram að Laxamýri. Og víst hefi ég aldrei meiri illyrðum úr mér ausið en þá yfir minn mikilsvirta tengdafaður, en einmitt með þeim hætti lukkaðist mér að fá hann svo styrkan af geðshræring, að hann fór að standa undir, er ég lét upp klyfjarnar, sem jafnóðum ultu ofan af hestum á víxl. Allt lagaðist þetta, þegar fram í sótti, en erfitt mun það einatt hafa verið.

Ég vissi þannig eigi annað en að ég styddi að þessu fyrirtæki, kirkjubyggingunni. Hinn áminnsti flutningur var nefnilega efni til hennar, - svo sem efni og kringumstæður leyfðu, - en svo bar til um haustið, að ég var sem oftast staddur í Reykjahlíð og var þar fjöldi stórmenna á ferð eins og var alvanalegt áður en ferðagögnin og þjóðleiðin færðist útfyrir strendur landsins. Þar var Jón dbrm. Sigurðsson frá Gautlöndum, nokkuð hreyfur af víni. Veit ég þá ekki fyrri til en að hann slæst upp á mig með verstu skömmum, í allra áheyrn, fyrir framkomu mína við Pétur í kirkjubyggingarmáli þessu. Fyrir að hafa hvatt hann út í það að byggja og svikið hann svo um liðsemd. Um þetta fór hann allmörgum og illum orðum, en ég tók ekki neitt undir.

Þó ég væri nú hartnær fertugur að aldri, þá fékk ég þarna á eftir að þekkja þá mannlega ástríðu, sem ég hafði ekki haft hugmynd um áður, og mér er nærri að halda, að margir lifi langa ævi, án þess að þekkja, - en það er “hatur”. – Það getur varla djöfullegra andlegt vald lagst á sálina eða hertekið hugskotið en þetta. Það er mjög mikið annað en reiði, - því fylgir sílogandi hefndargirnd, umhverf skoðun á náunga þeim, sem fyrir verður, og því meiri eða minni órósemi í vöku og svefni sem maðurinn, sem þetta eiturskeyti miðar á, á meira eða minna undir sér. Allit blettir sem finna má á honum, draga sig saman í svartamyrkur, er varla sést glampi í gegnum.

Þannig var nú ástatt fyrir mér langa hríð eftir hið áminnsta atvik. Ég reyndi að bæla þetta, einkum að láta ekki mikið á því bera fyrir heiminum. Ég fékk pata, og jafnvel vissu um, að Jóni var þetta mál svona útlítandi fyrir umtal eða frásögur Péturs gamla – og máttu þá, lesari þessara lína, skilja orðin um hann, sem komið hafa fram í þessu máli mínu framar. Myrkrið dreifðist nokkuð yfir á hann, sem að vísu hafði nú aldrei staðið í skæru ljósi fyrir mér.

Gagnvart Jóni smárenaði ástríðan, bæði af því, að framkoma hans gagnvart mér líktist aldrei þessu eina atviki, og þó einkum fyrir það, að ég í fjölmenni nokkru seinna á Grænavatni, - við gullbrúðkaup Jónasar og Hólmfríðar, - fékk mér málfrelsi, og neytti þess með fylgi fjanda gamla Bakkusar að ausa úr mér eftir mætti hverju því, er ég fékk í hugann til sví-

virðingar mótstöðumanni mínum, - og ekki nóg með það, heldur náði ég að taka hann höndum og hrekja flatan m.m.

Eftir þessar ljótu aðfarir leið mér miklu skár en áður. Einkum fyrir það, að nú veitti hann litla mótstöðu eða enga, hvorki í orðum né verki. Ætla ég, að hann hafi skilið og vitað þörf mína, og að hann hefði nokkuð til unnið, því það vissi ég, að honum hafði verið af venslafólki sýnt fram á óverðugar árásir hans við mig.

Svo mikð sem ég gat nú fyrri og seinna séð af ágæti Jóns og hvað hann var mér vel í framkvæmdum sínum, þá gat aldrei með öllu hlýnað hugur minn til hans, því síður sem atvik komu seinna fyrir og þó einkum orð, sem ýfðu hið gamla kaun.”

Nú hefur gamla kirkjan í Reykjahlíð verið rifin og eftir stendur aðeins grunnurinn. Í *Kirkjuritinu* 1956 er eftirfarandi lýsing á ástandi gömlu kirkjunnar:

“Kirkjan í Reykjahlíð í Mývatnssveit er byggð 1876, af þáverandi kirkjubónda Pétri Jónsyni prests Þorsteinssonar. Veggir kirkjunnar eru gerðir af höggnu grjóti, steinlímdir, um 50 cm. þykkir. Bygging þessi virtist óvenju vel gerð að þeirrar tíðar hætti og traust til frambúðar.

Innan fárra ára tók þó að votta fyrir bilun, sprungur að koma í vegg. Ágerðist þetta svo, að nú fyrir nokkrum árum er kirkjan tvíklöfin um þvert og miðhluti annars hliðarveggjar tekinn að hallast út til falls. Er kirkjuhúsið þar með talið af byggingarmeistara jafnvel viðsjárvert til notkunar. Grunnur kirkjunnar mun hafa bilað. Er af þessu augljóst, að hefjast verður handa um byggingu nýrrar kirkju, og er þegar hafizt handa um undirbúning að þeirri framkvæmd.”

Ný kirkja var vígð 1. júlí 1962. Í *Tímanum* birtist þessi mynd:



Í frásögn *Tímans* af vígslunni kemur m.a. fram eftirfarandi fróðleikur:

“Kirkjustaður í Reykjahlíð er mjög gamall eða allt frá dögum Guðmundar biskups hins góða. Reykjahlíðar er getið í Jarteinabók hans. Biskup bað bónda segja sér hvað væri bezta

veiðistöðin við vatnið, og gerði bóndi svo. Mælti hann þá við bónda: „Þann veg vil eg í dag fara ok sjá yfir veiðistöðina“. Var nú gert svo sem biskup vildi: Blessaði hann veiðistöð bónda og bað Guð og Maríu að launa honum kýrnar þrjár er menn Guðmundar höfðu étið. Segir sagan, að áður en yfir lauk veiðunum þann dag, hafi veiðin verið fimm hundruð fiskar, og urðu menn fegnir þessum atburð. Síðan hafa bændur þeir er í Reykjahlíð hafa búið og búa, getað leyst vanda þeirra mörgu, sem að garði ber.”

Og í frétt *Dags* af sama atburði stendur m.a.:

“Prédikunarstól gáfu börn Jóns Ármanns Jakobssonar frá Grímsstöðum, en þau eru: Sigurður, Pétur Hálfðán, Jakob, Hallgrímur, Petrína Kristín og Áki Hermann. Afi þeirra, Jakob Hálfðánarson, hinn alþekkti samvinnufrömuður, gaf á sínum tíma stærstu einstaklingsgjöfina til gömlu kirkjunnar, er hún var byggð.

Þegar kirkjuvígslu var lokið, buðu kvenfélagskonur og sóknarnefnd öllum viðstöddum til kaffidrykkju í Reynihlíð, þar sem 200 manns sátu að borðum í einu.”

Jakob Hálfðanarson

Um Jakob segir í *Íslendingabók*:

Fæddur í Brenniási í Bárðardal, S-Þing. 5. febrúar 1836

Látinn 30. janúar 1919

Bóndi á Brettingsstöðum í Laxárdal 1872-74 og Grímsstöðum í Mývatnssveit. Einn aðalstofnandi Kaupfélags Þingeyinga og framkvæmastjóri þess um árabíl.

Jakob skrifaði eftirfarandi frásögn um 1908. Hún er rituð í *Ættartölubók Jakobs Hálfðanarsonar, Húsavík, hverrar skrift er upp hafin árið 1898*. Gísli Ólafur Pétursson eftirritaði frásögnina en hún hefur ekki birst á prenti.

“Sæluhúsið við Jökulsá

Fyrir löngu var mönnum ljós þörfin fyrir brúklegt sæluhús á Mývatnsöræfum, ekki einungis fyrir ferðamenn heldur einkum og sér í lagi fyrir innansveitar hestagangna-menn á vetrum. Enda var þar einhvers staðar meðal fleiri smákofa einn sem nefndur var sæluhús. Höfðu sveitarmenn byggt þessa kofa sjálfir.

Nú hafði orðið tilrætt um að fá uppbyggt á þessum fjölfarna fjall- og póstvegi viðunanlegt sæluhús á kostnað landsjóðs - og ýmsar uppástungur komu fram um hvar húsið ætti að vera. Landeigandinn, Pétur bóndi í Reykjahlíð, vildi það væri byggt á Austaraseli, aðrir sögðu það heppilegast sett í svonefndum Hrossaborgarlindum. Sú hugmynd kviknaði með húsbyggingar-ráðagerðinni að íbúð ætti að vera í húsinu og húsráðandi meðfram því, að passa ferjuna frá báðum áttum og yrði að hafa landbú þar á fjöllumum.

Margir loftkastalamenn létust nú sjá þarna all álitlega afkomu sem ekki sýndist heldur nein fjarstæða þá litið er á gengi Hólsfjallabænda. En þessi hugmynd verkaði það víst að Mývetningum varð yfirleitt meinilla við sæluhúsbygginguna.

Þegar ég var nú þarna um slóðir við vegalegginguna tók ég alvarlega að íhuga þetta mál. Fannst mér nú nauðsynin fyrir húsið svo brýn að hér væri engum mótbárum eða vífilengjum að sinna fyrir landstjórnina vegna almennings, sem á öllum árstímum varð að leggja á þessa oft hættulegu leið á milli byggða og landsfjórðunga. Og um það hvar húsið ætti að standa varð ég eins ákveðinn - nefnilega þar sem það er á vestur-bakka Jökulsár.

Um þetta deildum við Pétur, tengdafaðir minn, nokkuð - þar sem hann hélt fram Austaraseli - en ég færði fram mínar ástæður móti því og fyrir hinu.

Hér kom ekki einasta fram andróður sveitarmanna gegn húsbyggingunni, þ.e. að það stæði við Jökulsá, heldur einnig sýslumanns, Benedikts Sveinssonar, þ.e. í aðalefninu, sem mót-mælti, og það í því, sem öðru, með ákafa. Hans mótstaða byggðist á því að hann hélt þeirri stefnu fram í vega- og samgöngumálum að alla áherslu ætti að leggja á leiðir um byggðir sem næst ströndum en leggja niður vegu uppi í óbyggð, sem svo fáir hefðu gagn af.

Þvert á móti þessu var skoðun sumra leiðandi manna sú að afla þeim leiðum sem mest gengis sem greiddu skjótlega fyrir fjarlægum byggðarlögum að ná saman og hrinda sem mest farartálmum úr vegi á innstu fjallvegum í landinu.

Þessari stefnu fylgdi Einar heitinn Ásmundsson. Og það kemur mér til hugar að hann hafi við amtmann lagt gott orð til sæluhúsabyggingar á Mývatnsfjöllum. Því auðsótt var mér við amtmann um þetta mál svo að hann fól mér alla framkvæmd og forgöngu en lét ekki sýslu-mann neitt þurfa að fást við það.

Amtmaður varð mér sammála um hússtæðið, stærð og lögun sem ég stakk upp á. Þetta með tilliti til þess að í því mætti búa - svo og um efni og hvað annað.


Byggingin mun hafa verið ráðin 1880. 1881 um vorið minnir mig að ég færi austur að ánni og ákvæði nákvæmlega hússtæðið - og um sumarið 1882 var því lokið. Yfirsíðingur var Steinþór Björnsson. Næst honum mun Sigurbjörn, nú á Litlulaugum, hafa mest unnið að húsinu.

Ætlað var til þessarar byggingar úr landsjóði kr. 2.000 en reikningurinn kom upp á nál. 2.800 kr. og var ekki fyrirstaða á greiðslu þess. Lítið eða ekki var sótt um að búa í húsinu þegar til kom og aldrei varð þar af íbúð.


Af ónotaorðum sem ég fékk fyrir fylgi mitt að þessu grófu sig helst orð Guðfinnu sál., tengdamóður minnar inn hjá mér og lagði ég sterkan hug á að henni gæfist einhvern tíma færi á að sjá hvort húsið væri óþarft og til bölvunar einnar - og það hefi ég fyrir satt að nú sé fyrir löngu gengið eftir, og að nú sé engum lengur illa við húsið - en hvað sem um það er - þá er ekki hægt að bera af mér að vera eða hafa verið frömuður sæluhússbyggingar við Jökulsá - og lít ég svo á enn að æskilegt væri að engar krónur færu til minna gagns af almannafé en þessar 2.800.

Nedánmálgrein Jakobs:

Það má sjá í sýslunefndargjörðabók frá 1876 í júním. að amtmáður Jul. Hav. hefur með bréfi leitað álits sýslunefndar um sæluhússbyggingu og nefndin játað nauðsyn þess.”



(Atlaskort: Mývatnsöræfi. Vegalengd milli bæja sem standa næst öræfunum, hvor sínu megin, Reykjahlíðar og Grímsstaða er um 42 km. Rauður hringur er utan um sæluhúsið.)



(Mynd Freyja Rún Gísladóttir, 2004. Sæluhúsið er á þremur hæðum. Undir því er kjallari. Þar var hesthúsið. Dyrnar eru inn á miðhæðina þar sem var íveruherbergi, afstúkað rými fyrir ferjumanninn og setustofa. Þar er stigi í horni uppá svefnloft. Gluggi á svefnlofti sést efst á stafninum. Húsið er í umsjón Þjóðminjasafns Íslands.)



(Mynd Gísli Ólafur Pétursson, 2004. Sæluhúsið við Jökulsá á Fjöllum)



(Mynd Bárður Sigurðsson í Höfða. Fjalla-Bensi, Benedikt Sigurjónsson, með sauðinn Eitil og hundinn Leó, og þannig búinn, sem hann var í eftirleitinni um jólin 1925, nema hann hafði þá skíðastafi en ekki rekuna, sem hann hafði annars oft á þessum ferðum, til að búa um sig, þegar hann varð að liggja úti í fönn. Í bakgrunni er málverk af Mývatnssveit.)



(Ljósmyndari Sigurjón Pétursson. Aðventa á fjöllum. Fjalla-Bensi gisti í þessu húsi í eftirleitum sínum á Mývatnsöræfum, en ferð hans á aðventu og jólum 1925/1926 og frásögn í Eimreiðinni 1931 varð Gunnari Gunnarssyni að söguefni í Aðventu.)

Önnur steinhús í Þingeyjarsýslu

Þá er rétt að nefna tvö steinhús í viðbót sem byggð voru um þetta leyti í Þingeyjarsýslu. Fyrst er það kirkjan á Þverá í Laxárdal sem vígð var 1879. Hana reisti Jón Jóakimsson. Jón var föðurbróður Jakobs Hálfðanarsonar. Um Hálfðan föður Jakobs stendur í *Íslendingabók*: “Bóndi á Brenniási á Fljótsheiði 1833-57 og Grímsstöðum í Mývatnssveit. Var „próventukarl hjá Jóni bróður sínum á Þverá síðustu æviár“, segir í Laxdælum.”

Í *Fjallkonunni*, blaði sem gefið var út í Reykjavík birtist eftirfarandi dánarfregn 1893:

“Jón Jóakimsson, dbrm. á Þverá í Laxárdal, einn af merkustu bændum norðanlands, lézt 16. apríl, 77 ára gamall. Hann bjó allan eða mestallan sinn búskap á Þverá. Hann var tvíkvæntur, og átti með fyrri konu sinni, Herdísi, þrjá sonu, sem upp komust, og eru þeir: Benedikt hreppstjóri á Auðnum í Laxárdal, Snorri bóndi á Öndólfstöðum í Reykjadal og Jón bóndi á Þverá, og þrjár dætur: Guðnýju (gift Baldvini bónda í Garði í Aðaldal), Aðalbjörgu (gift Hólmgeiri bónda á Ljótstöðum) og Maríu (gift Sigurgeir bónda í Reykjahlíð). Síðari kona Jóns bónda á Þverá var Bergljót Guttormsdóttir stúdents frá Arnheiðarstöðum Vigfússonar. Jón á Þverá var mjög mikill hæfileikamaður, enda hafði hann haft á hendi flestar þær sýslanir, sem bændur eru til kvaddir, og gegndi sumum þeim störfum, svo sem hreppstjórn, lengst ævi sinnar. Hann var hinn mesti dugnaðar- og framfaramaður. Það hefir verið haft að orðtaki að Þverá í Laxárdal væri eitt hið snotrasta sveitaheimili hér á landi, enda var kona hans Bergljót, sem eftir lifir, honum samhent í öllu.”

Og í *Búnaðarritinu* frá 1890 má finna:

“Útlendir og innlendir menn, sem koma að Þverá, bregða því við, hve snildarleg umgengni sje þar á öllu; enda er það að maklegleikum, því að hvergi hefi jeg sjeð hjer á landi eins um gengið bæði úti og inni sem þar. Þverá hefir því verið rjett nefnt fyrirmyndarheimili.

En þessi dæmafáa reglusemi og snild í búskapnum er ekkert handahóf. Enda sjest það á því, að herra Jón hefir haldið hagskýrslur mest allan búskapartíma sinn, og er víst fágætt að fá hjá bændum hjer á landi hagskýrslur, sem ná nær því yfir 30 ára tíma.”



(Myndina tók Jakob Hálfðanarson. Þverá í Laxárdal 1962. Á myndinni eru frá vinstri Jónas Snorrason bóndi á Þverá, Jón Jónsson Víðis, landmælingamaður og Már Viðar Mátsson. Jón Jóakimsson var afi Jónasar og Jóns og langalangafi Mús.)

Eins og fram kemur hér að ofan var María dóttir Jóns gift Sigurgeiri bónda í Reykjavíð en hann var sonur Péturs Jónssonar. Svo þarna eru með Jóni og Péttri aftur komnir tengdafaður sem reisa steinhús!



(Mynd úr Morgunblaðinu 2001. Áskell Jónas-son (Snorrasonar), bóndi á Þverá, við ný-
uppgerðan kirkjugarðinn. Að hluta til notaði Áskell grjót sem gekk af þegar kirkjan var byggð.)



(Mynd Már Viðar Másson. Þveráarkirkja í október 2011 eftir umfangsmiklar viðgerðir og endursmíð á þaki. Vínafélag Þveráarkirkju sem Már er formaður fyrir var hvatamaður að endurbótunum. Kirkjan er í eigu Áskels Jónassonar, bónda á Þverá.)

Steinarnir sem notaðir voru í kirkjunna voru teknir upp úr hlíð handan Laxár og fluttir að vetrarlagi á sleðum að Þverá. Þeir reyndust ekki nægjanlega margir svo um sumar þurfti líka að flytja steina og voru þeir bundir upp á hesta. Þá dró naut suma þeirra síðasta spölinn, brekkuna upp að Þverárbænum. Í grein í *Árbók Þingeyinga* árið 1968 skrifar Bjartmar Guðmundsson um Jón Jóakimsson hreppstjóra og dagbækur hans 1844-1892 og eru dagbókafærslurnar hér á eftir teknar upp úr þeirri grein.

Í *dagbók* sína skrifar Jón Jóakimsson:

“Október 1876. 22. Kom sóknarnefnd hjer saman, eftir bón minni, til að ræða um kirkjubygginguna hjer. Voru allir á því að byggja þyrfti hana, en af hverju efni, nefnilega torfi, trje eða steini, voru ekki allir á sama máli. Voru allir á því að byggja hana af grjóti, sandsteini, sem fá má nóg af hjer á móts við í Hóllalandi, nema Þórarinn á Halldórsstöðum, sem vildi lítið leggja til þess. Áskildi jeg við sóknarmenn að kosta byggingu kirkjunnar að veggjum, nefnil(ega) alla vinnu á þeim, og var því ekki mótmælt af neinum nema Þór(arni). Ákveðið að taka upp grjót á morgun. 23.-27. Blíðasta tíð og sunnanátt, stundum hvass. Sóknarmenn að taka upp og kljúfa grjót yfir í klöppum, og við það daglega 7-9 manns. Hættu því í kvöld.”

Eftir dagbókum Jóns er hægt að rekja framgang framkvæmdanna ár frá ári. Haustið 1879 er verkinu að ljúka. En þá þraut sementið og þá var gott að vita hvar hægt var að finna það sem á vantaði. Í steinhúsunum voru veggir kústaðir með sementi en kalk notað til að líma steinana saman. Í *dagbók* sinni skrifar Jón bóndi:

“Ágúst 1879. 31. Í gær sementaði Jakob suðurhlíð kirkjunnar, sem eftir var að mestu leyti, því sement vantaði, fjeck jeg 1 skeffu af því hjá Pjetri í Reykjahlíð, var þó slæmt. Fór Jakob í dag hjeðan alfarinn og kona hans og barn, sem hjer voru þessa viku í gustukaskyni. Þau eiga nú heimili í Fagranesi, en ekkert til að lifa af.”

Jakob Brynjólfsson, steinsmiður, fær hæst vinnulaunin við bygginguna en á samt ekkert til að lifa á eftir verkið. En hann virðist hafa fundið hamingjuna í Þveráarkirkju því í *ættarskrá Mormóna* sem er aðgengileg á netinu stendur að hann sé fæddur 1840 og hafi gengið að eiga Sigríði Davíðsdóttur sem fædd er og skírð í Múla í Aðaldal 1852. Giftingin hafi farið fram á Þverá 12. september 1878. Fróðleikinn um giftinguna hafa Mormónar upp úr kirkjubækum Þverár, 1742-1930, sem þeir hafa tekið ljósmyndir af 1952. Mormónar hafa þá trú að í himnnaríki komist aðeins þeir sem eru Mormónatrúar en hægt sé að liðka til fyrir látnum forfeðrum ef beðið er fyrir þeim. En til þessu þurfa menn að sjálfsögðu að kunna skil á þeim og helst að vita hvenær þeir voru skírðir.

Svo heldur *dagbók Jóns* áfram:

“September 1879. 3. Verið ýmislegt að gera við kirkjuna, fernísera sæti, mála lúkur og margt fleira. 7. Gott og bjart veður, en frost í nótt. Var messað hjer og vígð kirkjan. Var hjer mesti fjöldi af fólki, úr öllum áttum, mun hafa verið frá 220-250 alls, komst flest inn. Sagðist presti ágætlega. Töfðu hjer nokkrir fram á kvöld, nefnil(ega) prófastur, Guðjónsen í Húsavík og þjónar hans og þáðu góðgerðir, mat og vín. Öðru fólki gefið kaffi og brauð, það sem hægt var yfir að komast, þó margir yrðu eftir.”

Samkvæmt byggingarreikningi kirkjunnar kostaði hún í allt 3500 krónur. Af því var kalk 180 krónur og sement 15,50 krónur. Sæluhúsið við Jökulsá kostaði 2800 krónur samkvæmt skrifum Jakobs Hálfðanarsonar. Dagskaup verkamanna í Reykjavík á þessum tíma var 2 krónur. Jón reiknar vinnu heimamanna við kirkjubygginguna á 1,35 krónur á dag. Fyrir fæði smiða og verkamanna reiknar hann 1 krónu á dag.

Í kostnaðinum er undanskilin þegnaskylduvinna sóknarmanna. Og það eru ófáir dagarnir sem sóknarmenn eru í samtakamætti sínum að glíma við grjótið. Jón færir í *dagbók* sína:

“September 1877. 30. Voru hjer Þórarinn hreppstjóri, Sigurður í Hólum, Benedikt, Auðn-um að jafna niður vinnu við kirkjubygginguna, grjótupptekt og aðflutning.”

Og aftur er fundur þegar í ljós er komið á miðju sumri að enn vantar grjót:

“Júlí 1878. 3. Sóknarmenn á fundi hjer að ræða um grjótleysið og ræða um flutning á því. Afráðið að gjöra það næstu 3 daga. 24. Tekið upp grjót og flutt (153 hestar) þessa 3 daga.”

Og hvað kostnað áhrærir þá var árið 1880 farið að reisa Alþingishúsið í Reykjavík, en um veturinn áður hafði verið unnið að því að taka upp grjót og höggva. Þá um vorið var keyptur kálgarður Halldórs yfirkennara Friðrikssonar undir húsið. Var samið um að hann skyldi fá 2500 krónur fyrir lóðina. Þótti mönnum það hátt verð, og var stundum vitnað til þess á næstu árum.

Og Bárðdælir hlóðu líka steinkirkju. Timburkirkjan í Lundarbrekku brann 10. apríl 1878. Ekki vissu menn um orsök brunans en gátu sér þess til að lofteldar hefðu valdið.

Í *dagbók Jóns Jóakimssonar* stendur:

“Maí 1878. 17. Jakob steinhöggvari kom hingað í fyrrakvöld, en af því tíðin var svo ill og hann gat ekkert gjört, fór hann í dag fram í Bárðardal að skoða þar grjót, eftir bón Jóns á Stóruvöllum. Ætla þeir það í Lundarbrekkukirkju, er brann í vetur, og nú á aftur að byggjast af steini.”

Og seinna:

“Júlí 1878. 8. Kom Baldvin Sigurðsson að vera hjer við grjóthögg og kirkjubyggingu, sendur af Bárðdælum að læra það, eftir því sem kostur er á.”

Baldvin vinnur svo við kirkjubygginguna á Þverá og fær hæst vinnulaun eftir Jakobi múrara og Þorgrími snikkara.



(Mynd tekin af vefsíðunni kirkjukort.net. Lundarbrekkukirkja í Bárðardal)

Um Lundarbrekku segir á vefsíðunni *kirkjukort.net*:

“Bændakirkja var þar til ársins 1878, þegar nýlega byggð kirkja brann til kaldra kola. Þá tók söfnuðurinn að sér að reisa kirkju og hefur séð um hana síðan. Það var afraðið að byggja steinkirkju og efnið sótt í gil vestan Skjálfafljóts. Það var höggvið til og flutt á ísi yfir ána veturinn 1879. Þakið var sett á kirkjuna 1880 og 4. desember 1881 var hún vígð.”

Kirkjubyggingin reyndist söfnuðinum ofviða (eða ofsteina). Annaðhvort hefur ekki verið gætt fyrirhyggju í tekjuöflun eða í útgjöldum og því er leitað óhefðbundinna leiða. Í *bréfi landshöfðingja til amtmannsins* yfir norður- og austuramti sem dagsett er 8. maí 1882 má lesa eftirfarandi:

“Með bréfi frá 14. f.m. hefur ráðgjafinn fyrir Ísland falið mjer úrskurð á beiðni prestsins að Lundarbrekku og 4 sóknarmanna um leyfi til að halda lukkuspil kirkju sinni til hagsmuna.

Fyrir því vil jeg tjá yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar, birtingar og ráðstöfunar að jeg leyfi tjéðum beiðöndum að stofna lukkuspil á þann hátt og með þeim tilgangi, sem nákvæmar er skýrt í erindi því, er fylgir þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, frá 2. mars þ.a., þó með því skilyrði að enginn vinningur verði fólgin í peningaupphæð, að og þeir, er fyrir lukkuspilinu standa, breyti nákvæmlega eptir þeim reglum er þjer eða hlutaðeigandi lögreglustjórn kynni að fyrirskipa til tryggingar fyrir því, að engin vandkvæði hljótist af lukkuspilinu.”

Og lukkuspilið hefur farið fram því í *Fróða*, blaði gefnu út á Akureyri, frá 17.10.1882 er eftirfarandi tilkynning:

“Vinningadrættirnir í lukkuspilinu, til hagsmuna fyrir Lundarbrekkukirkju í Bárðardal, fóru fram að Stóruvöllum þ. 30. sept. þ. á. og fjellu þeir þannig að:

Söðulinn hreppti handhafi seðilsins nr. 1313

Saumavjelina hreppti handhafi seðilsins nr. 619

Hnakinn hreppti handhafi seðilsins nr. 1070

Vasaúrið hreppti handhafi seðilsins nr. 11

Hrútin hreppti handhafi seðilsins nr. 1228

Handhafar seðla þessara, sem nú eru orðnir eigendur hlutanna, eru hjermeð aðvaraðir um að vitja þeirra hið bráðasta til undirskrifaðrar nefndar á sinn kostnað, og verða þeir, til þess að sanna eignarrjett sinn að hlutunum að sýna fjehirði nefndarinnar hina stimpluðu seðla sína með tölum þeim er unnizt hefir á.”

En ekki dugði þetta til og kirkjan fékk lán úr landssjóði. Mörg ár þar á eftir má sjá í fréttum af störfum alþingis að fjallað er um kirkjuna:

1885: “Bænaþrár til alþingis. Fyrir Lundarbrekkukirkju er sótt um uppgjöf á lands-sjóðsláni. ...”

1901: “Ýmsar málaleitanir til þings. Búendur Lundarbrekkusóknar vilja fá eptirgefna landssjóðsskuld, er hvílir á Lundarbrekkukirkju.”

Og þá er aðeins eftir að spyrja: Hver var þessi Baldvin Sigurðsson sem kemur að Þverá 8. júlí 1878, sendur af Bárðdælum til að læra grjóthögg og kirkjubyggingu? Var hann tengdasonur Jóns Jóakimssonar? Guðný dóttir Jóns var seinni kona Baldvins Sigurðssonar, sem bjó í Stórutungu í Bárðardal þrjár bæjarleiðir frá Lundarbrekkukirkju þegar þau giftust 1875. Þar voru þau áfram í tvö ár en fluttu að Garði í Aðaldal 1877, en þá jörð átti Jón Jóakimsson.

Hinsvegar skal það látið ósagt hvort Baldvin vann nokkuð við þessar framkvæmdir. Hann var fluttur úr Bárðardal þegar Lundarbrekkukirkja var byggð. Í *Óðinn* 1920 skrifar Konráð Vilhjálmsson ýtarlega grein um lífsstarf Baldvins og Guðnýjar og þar er þess ekki getið að Baldvin hafi unnið að kirkjubyggingum, en gera má ráð fyrir að það hefði verið gert hefði hann unnið við þær tvær.

Konráð lýsir Baldvini m.a. á þennan hátt: “Hann fylgdist jafnan manna best með ýmsum framfaranyungum, hjerlendum sem erlendum, varð hugfanginn af þeim og tók löngum ást-fóstri við slíkar hugsjónir löngu áður en þær komust í framkvæmd. Enda var hann jafnan reiðubúinn að styðja þá granna sína með ráðum og dáð, er sýndu af sjer einhverja framfara-viðleitni.”

Svo þarna virðist komin undantekningin sem sannar regluna um tengdafaður. Böndin færast því að öðrum Suður-Þingeyingi, Baldvini Sigurðssyni fæddum í Fnjóskadal 1853. Hann væri þá 25 ára þegar hann kemur að Þverá. Til Ameríku fór hann frá Íslandi 10. júlí 1885. Eftir tveggja ára dvöl í Winnipeg settist hann að í Argyle-byggð og náði þar í konu sína Nönnu dóttur Halldórs Árnasonar bónda í Argyle. Hann stundaði járn- og trésmíði, og um tíma landbúnað. Steinsmíði virðist hann því ekki hafa fengist við fyrir vestan. Hann dó 1925 og er þessi fróðleikur hafður eftir dánarfregn það árið í *Lögbergi*, vikuriti Vestur-Íslendinga, gefnu út í Winnipeg.

Lýkur þar með þessari samantekt um steinhúsbyggingar tengdafaðra.

Tekið saman í janúar 2011, Jón Hálfðanarson.

(p.s. Jón þessi er dóttursonarsonur Jakobs Hálfðanarsonar, dótturdóttursonarsonur Péturs Jónssonar, sonardóttursonur Jóns Jóakimssonar og sonarsonur systur tengdadóttur Péturs Ólafs Gíslasonar. Tengdafaðir Jóns hét *Steinn*, svo því sé haldið til haga líka!)